

91

12. sept.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á fundi sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
29. apríl 1932.

Jón Steingrímsson.

92

23. sept.

REGLUR

um

hrossasýningar.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um framkvæmd II. kafla búfjárræktarlaganna frá 8. september 1931 og ber um kynbætur hrossa að fara eftir reglum þeim, sem um það efni eru settar í 18.—36. gr. laganna.

2. gr.

Að tillutun Búnaðarfélags Íslands skal halda hrossasýningar í hverri sýslu landsins þriðja hvert ár.

Landinu er skipt í þrjú sýningarsvæði, sem hér segir:

1. Frá Hellisheiði, vestur um land, að Hrútafjarðará.
2. Frá Hellisheiði, austur um land, að Gunnólfsvíkurfjalli.
3. Frá Hrútafjarðará, austur um land, að Gunnólfsvíkurfjalli.

Árið 1932 verða hrossasýningar á 1. sýningarsvæði, árið 1933 á 2. sýningarsvæði, árið 1934 á 3. sýningarsvæði og svo í sömu röð áfram.

3. gr.

Hross eru ekki tekin yngri á héraðssýningar en hér segir: Stóðhestar þriggja vetra, en hryssur fjöggra vetra. Aftur á móti er það á valdi dómnefndar hve gömul hross hún tekur á sýningu.

4. gr.

Á héraðssýningum greiða sýnendur sýningargjöld fyrir gripi sína, sem hér segir:

1. Fyrir hvern stóðhest 4 vetra og eldri 4 kr.
2. Fyrir hvern stóðhest 3 vetra 2 —
3. Fyrir hverja hryssu 4 vetra og eldri 1 —

Remmur fé þetta í sýningarsjóðinn.

5. gr.

92

23. sept.

Sýslunefnd kýs sýningarstjóra og tvo dómnefndarmenn á þær sýningar, sem haldnar verða í hverri sýslu svo og afkvæmasýningar.

Sýningarstjóri sér um undirbúning á sýningarstaðnum. Hann stjórnar sýningunni, innheimtir sýningargjöld og greiðir til dómnefndar fé það, er sýslan leggur til sýningarinnar, en ráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal greiða fé það, er ríkissjóður leggur til sýningarinnar.

Dómnefnd metur hrossin til verðlauna.

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt er oddviti dómnefndar, og hefir hann neitunarvald um veitingu verðlauna.

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt gerir hinsvegar rökstudda grein fyrir niðurstöðum dómnefndar.

Dómnefndin ákveður fjárhæð hinna einstöku verðlaunaflokka, nema I. verðlaun stóðhesta, sem eru lögákveðin, en sýningarstjóri annast um greiðslu verðlaunanna, eftir sýningarskrá frá dómnefndinni.

6. gr.

Nú verður afgangur af sýningarfénu, og skal þá sýningarstjóri afhenda það hlutaðeigandi sýslumanni, en hann ávaxtar það í sparisjóði eða annari tryggri peningastofnum, þar til næst verður haldin slík sýning í héraðinu. Telst þó þessi fjárhæð, að viðlögðum vöxtum, með öðrum tekjum þeirrar sýningar.

7. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, skal Búnaðarfélag Íslands tilkynna hlutaðeigandi sýslumanni um sýningar þær, sem halda á í sýslu hans á næsta vori, svo og um styrkhæðina úr ríkissjóði. Skal sýslumaður í samráði við sýslunefnd hafa svarað erindinu til Búnaðarfélags Íslands fyrir miðjan aprilmánuð næstkomandi.

8. gr.

Fyrir 1. apríl skulu þeir héraðsbúar eða félög, sem eiga fullorðna stóðhesta, er geta keppt um verðlaun fyrir afkvæmi sín, samkvæmt reglugerð þessari, tilkynna hlutaðeigandi sýslumanni, að þeir óski eftir slíkri sýningu. Fyrir miðjan apríl skýrir sýslumaður Búnaðarfélagi Íslands frá hverjir óska slíkra sýninga, hvar þær verði haldnar og hverjir séu kosnir í dómnefnd.

Búnaðarfélag Íslands tilkynnir svo hlutaðeigandi sýslumanni, hvenær sýningarnar verði haldnar, en hann sér um að þær verði auglýstar nægilega í héraðinu.

9. gr.

Er stóðhestur keppir um verðlaun fyrir afkvæmi sín í fyrsta sinni, skulu að minnsta kosti sýnd 10 afkvæmi hans í I. lið 1 og 2 vetra og 20 afkvæmi hans í I. lið 3 vetra og eldri, og fylgi þeim mæður þeirra allra; en er hestur keppir í annað sinn um slík verðlaun, þá skulu sýnd svo mörg afkvæmi hans í I. lið með

92 mæðrum þeirra, sem að framan greinir, og að minnsta kosti 20 atkvæmi hans
23. sept. í annan lið 2 vetra og eldri, ella er ekki hægt að dæma honum verðlaun fyrir afkvæmi.

Reglur þessar eru hérmeð settar samkvæmt lögum 8. september 1931 um búfjártryggingar til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

93 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sönglistarsjóð Stokkseyrar-
27. sept. kirkju, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 27. september 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Sönglistarsjóð Stokkseyrarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sönglistarsjóður Stokkseyrarkirkju. Stofnaður 5. apríl 1928 af Gísla Pálssyni organleikara við Stokkseyrarkirkju. Stofnfé kr. 250.00 — tvö hundrum og fimmtíu — krónur.

2. gr.

Sjóðnum stjórnar fimm manna nefnd. Sóknarnefndin 3 menn og organleikari sjálfkjörinn. Svo kys söngflokkurinn 1 mann eða það, sem vantar í fimm. Nefndin sér um að efla sjóðinn með frjálsum samskotum, söngskemtunum, hlutaveltum og ýmsu því er hún sér best henta, en ekki með neinum skyldugjöldum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 3000,00 — þrjú þúsund krónur — má taka út hálfá vexti hvert ár, sem söngflokkurinn skiptir í fyrirhöfn sína við söngkirkjunnar eða til að mennta einn eða fleiri í sönglist, sem á að koma þeim að góðum notum við kirkjusönginn. Sönginn skal æfa og vanda á ári hverju með góðum áhuga og vandvirkni, svo góður verði.